



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK  
Ísland

Reykjavík, 18. apríl 2024  
Tilvísun: 2024040242

## Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um Skotæfingasvæði á Álfsnesi - breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, nr. 0716/2023 í skipulagsgátt

Vísað er til máls nr. 0716/2023 í skipulagsgátt, skotæfingasvæði á Álfsnesi - breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur fengið málið og meðfylgjandi gögn til skoðunar og gefur eftirfarandi umsögn.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) fagnar framkominn tillögu að breytingu á aðalskipulagi þar sem sett eru fram ákvæði er lúta beint að starfsemi skotæfingasvæða. Ákvæðin styðja við og styrkja leyfisútgáfu HER fyrir starfseminni og gerð starfsleyfisskilyrða fyrir starfsemina. Ákvæði í skipulagi einfalda einnig rekstraraðilum að skipuleggja og undirbúa aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum af starfseminni, aðgerðum sem gera þarf grein fyrir í umsókn um starfsleyfi til HER.

Að þessu sögðu vill HER benda á varðandi ákvæði um vöktun hávaða (ákvæði 6 undir "hávaði" í kafla 5) að óljóst er að hverjum ákvæðið beinist þ.e. rekstraraðila eða eftirlitsaðila. Vöktun hávað hefur gildi til að meta hvort farið starfsemin fer fram utan heimilaðs tíma í starfsleyfi en gagnsemi vöktunar hvað varðar mat á hávaða og ónæði er óljóst. Vöktun getur ekki farið fram samkvæmt stöðlum sem notaðir eru við hljóðmælingar sem HER hefur framkvæmt og eru til grundvallar skilyrðum í starfsleyfi, og erfitt að sjá að hægt verði að byggja kröfur HER á niðurstöðum vöktunar, þar hljóta formlegar hávaðamælingar alltaf að liggja til grundvallar. Ef um sívöktun að ræða gæti það orðið kostnaðarsöm aðgerð. Betra væri ef til vill að tilgreina í starfsleyfisskilyrðum að HER framkvæmi eftirlitsmælingar reglubundið sem partur af eftirliti með starfseminni (á kostnað rekstraraðila).

Einnig bendir HER á varðandi ákvæði um frekari rannsóknir (skilyrði 7 undir "Mengun" í kafla 5) að óljóst er hvaða aðili skuli hafa frumkvæði að og bera ábyrgð á frekari rannsóknnum á áhrifum blýmengunar þó kveðið sé á um að Reykjavíkurborg skuli bera kostnað af rannsóknunum. Þá þyrfti að skilgreina betur hvað á að rannsaka, beinist rannsóknin eingöngu að áhrifum á lífríki eða er einnig ætlað að meta styrk og drifingu blýmengunar í jarðvegi og fjöru út frá skotsvæðunum? HER bendir á að mengunarlegt ástand svæðisins frá því áður en starfsemin skotvalla hófst er ekki þekkt og því er samanburður til að meta áhrif af starfseminni erfiður. Nálægð við urðunarstað Sorpu er ennfremur óvissuþáttur þar sem ekki er hægt að útiloka urðunarstaðinn sem uppruna hvers konar mengunar.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Guðjón Ingi Eggertsson  
heilbrigðisfulltrúi